

Ed.

130. Frumvarp

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Flutningsm.: Ingvar Pálmason.

1. gr.

Heimilt er sýslunefnd að ákveða, að reikningsár hreppa innan sýslu, eins eða fleiri, skuli vera almanaksárið.

2. gr.

Í hreppum þeim, er miða reikningsskil við almanaksárið, skulu hreppsnefndir í janúarmánuði gera áætlun um allar tekjur og gjöld sveitarsjóðs fyrir yfirstandandi ár. Niðurjöfnun aukaútsvara skal þar fara fram 1.—14. febrúar; þó má aukaniðurjöfnun fara fram á öðrum tíma, ef hreppsnefnd telur nauðsynlegt. Um framlagningu niðurjöfnunarskrárinnar, tíma þann, er hún liggur hreppsbúum til sýnis, og kærufresti til hreppsnefndar og sýslunefndar fer að öðru leyti eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaganna frá 10. nóv. 1905.

3. gr.

Þar, sem þessi skipun er tekin upp, skal hreppsreikningur fyrir síðastliðið almanaksár gerður í janúarmánuði, og skal hann að lokinni endurskoðun innanhrepps liggja hreppsbúum til sýnis frá 14. febrúar til mánaðarloka og síðan sendur endurskoðanda sýslunnar í öndverðum marsmánuði. Að öðru leyti fer um hann eins og fyrir er mælt í sveitarstjórnarlögunum.

4. gr.

Eindagi á sveitarútsvörum, sem jafnað er niður samkvæmt 2. gr., skal vera 1. júlí. Gjaldldagi á útsvörum eftir aukaniðurjöfnun skal vera sá, er hreppsnefnd ákveður.

5. gr.

Nú er almanaksárið tekið upp sem reikningsár, og skal þá sjerstakur reikningur gerður fyrir tímabilið frá fardögum til 31. des. næst á undan hinu nýja reikningsári. Fer um hann sem segir í 3. gr.

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa í kjördæmi minu á allmörgum þingmálafundum komið fram og verið samþykktar áskoranir til þingmanna kjördæmisins, um að beita sjer fyrir breytingu á sveitarstjórnarlögunum frá 10. nóv. 1905, á þá leið, er frumvarp þetta fer fram á.

Á síðasta þingi kom fram í neðri deild frumvarp sama efnis og þetta. Var því eftir tillögu nefndar þeirrar, er hafði það til meðferðar, vísað til stjórnarinnar. Nú hefir ekkert í þessa átt komið frá hæstvirkri stjórn á þessu þingi. Tel jeg mjer því skylt að flytja frumvarp þetta.

Nánara við framsögu.